

## Stjórn Sorpu bs.

358. fundur. Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 22.01.2016, kl.07:30. Mættir: Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Guðmundur Geirdal og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur.

### Tekið fyrir:

1. Niðurstöður húsasorpsrannsóknar.  
Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur kynna fyrstu niðurstöður húsasorpsrannsóknar sem framkvæmd var í nóvember 2015. Málið rætt.
2. Niðurstöður baggarannsóknna.  
Framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur kynna niðurstöður rannsóknar á innihaldi bagga sem berast í Álfsnes. Niðustaðan rædd.
3. Niðurstöður Gallup neyslukönnunar 2015.  
Ragna I. Halldórsdóttir, deildarstjóri Umhverfis- og fræðsludeildar kynna niðurstöður árlegrar neyslukönnunar Gallup þar sem nokkrar spurningar frá SORPU eru meðfylgjandi. Helstu niðurstöður eru að ánægja með starfssemi og þjónustu SORPU eykst auk þess sem trúverðuleiki á að efni fari til endurvinnslu eykst.
4. Rýnifundur stjórnenda.  
Framkvæmdastjóri kynna niðurstöður rýnifundar stjórnenda sem og helstu verkefni framundan. Málinu frestað til næsta fundar.
5. Þjónustusamningur SORPU bs. og sveitarfélaganna um rekstur grenndargámakerfisins.  
Stjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leiti.
6. Staða mála í viðræðum við Sorpstöð Suðurlands bs. (SOS)  
Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri greindu frá fundi með fulltrúum SOS þar sem farið var yfir niðurstöðu sveitarfélagsins Ölfus vegna hugmynda um sorpmeðhöndlunar- og urðunarsvæði á Nessandi. Niðurstöðu fundarins var að leggja til við stjórnir félaganna að skipaðir yrðu tveir fulltrúar frá hvorri stjórn til frekari viðræðna við sveitarfélagið Ölfus. Málið rætt. Stjórn skipar Bjarna Álfþórsson og Halldór Auðar Svansson í viðræðunefnd með fulltrúum stjórnar SOS til viðræðna við sveitarfélagið Ölfus um næstu skref.
7. Móttaka og samningur um raf- og rafeindatækjaúrgang.  
Framkvæmdastjóri kynna minnisblað um stöðuna við móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Stjórn samþykkir að hefja undirbúning að nýju útboði vegna móttöku, meðhöndlun og förgun á raf- og rafeindatækjaúrgangi. Jafnframt verði sótt um starfsleyfi fyrir móttöku og meðhöndlun þessa úrgangs frá endurvinnslustöðum SORPU í Gufunesi.
8. Móttaka skilgjaldsskyldra umbúða á Kjalarnesi.  
Framkvæmdastjóri kynna minnisblað um móttöku skilgjaldsskyldra umbúða á Kjalarnesi en starfsmaður sem sinnt hefur þessari þjónustu hefur óskað eftir því að hætta. Málið rætt og frestað til næsta fundar.
9. Úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli Gámapjónustunnar gegn Reykjavíkurborg vegna sérsöfnunar á lífrænum úrgangi.  
Niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar lögð fram og kynnt.
10. Næsti fundur.

Næsti fundur stjórnar ákveðinn 26. febrúar 2016, kl 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir.

**Fundi slitið klukkan 9:20.**

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Bjarni Torfi Álfþórsson  
Jóna Sæmundsdóttir  
Guðmundur Geirdal  
Björn H. Halldórsson  
Sigríður Björg Einarsdóttir

Halldór Auðar Svansson  
Rósa Guðbjartsdóttir  
Hafsteinn Pálsson  
Bjarni Hjarðar